



Reykjavík, 31.03.2025.

Veitur ohf
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Rannsókn á loft-/vatnssýni (Verkþ. 10013476, RLE nr. 250920)


Eitt vatnssýni með smá loftfasa barst til rannsóknar 27.03.2025. Sýnið kom í gastúpu merkt OR-200. Beðið var um greiningu á rokgjörnum lífrænum efnum og/eða olíuefnum.

Sýni af loftfasanum var rannsakað með því að handsprauta 0,5 ml af lofti úr túpunni í gasgreini tengdum massaskynjara (GC-MS).

Vatssýnið var rannsakað með heitri loftfasaaðferð í gasgreini. Fyrir mælingu var 10 ml af sýni komið fyrir í loftþétu glasi sem innihélt 1 ml af mettaðri kalíum-klóríðlausn. Til samanburðar var útbúið blindsýni af köldu vatni rannsóknastofunnar. Sýnaglös voru hituð við 80° í 20 mín. Heitum loftfasa var síðan sprautað í gasgreini (Perkin Elmer Clarus 500) með sjálfvirkum „headspace“ innsprautara (TurboMatrix 40), tveimur mismunandi súlum (Restek BAC1, 30 m, 0,53 mm id, 3 µm filmu og Restek BAC2, 30 m, 0,53 mm id, 2 µm filmu) og tveimur FID skynjurum. Aðferðin greinir ýmiskonar rokgjörn olíu og leysiefni, en greiningarmörk fyrir efni eins og t.d. bensen og toluen eru við u.þ.b. 2 - 5 µg/l (ppb).

Engin olíuefni né önnur rokgjörn lífræn efni voru í greinanlegu magni í sýninu, hvorki í vatns- né loftfasa.

F.h. Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði,


Elín V. Magnúsdóttir, sérfræðingur